



SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS

Bráðabirgðastjórn Sósíalístaflökks Íslands

## Fundur 26. júní 2017

Haldinn að Þórunnartúni 2, 4. hæð, í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar.

Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt voru: Benjamín Julian, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Sanna Magdalena Mör-  
tudóttir, Sigurður H. Einarsson, Viðar Þorsteinsson.

Ásta Dís Guðjónsdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir boðuðu forföll.

Ása Jóhannsdóttir, meðlimur í flokknum, hafði boðað komu en aflýsti komu af óviðráðanlegum  
ástæðum.

Mál á dagskrá, umræður og ákvarðanir voru sem hér segir:

### 1 · Málefnaþópar

Umræðan fylgir beint í kjölfar umræðu og samþykkt á síðasta stjórnarfundum. Vísað er í fyrri fund-  
dargerð og drög svonefnds 'erindisbréfs' til væntanlegra málefnaþópa sem lagt var fyrir þann fund.  
Á fundinum að þessu sinni skiptist umræðan nokkurn veginn í þrennt: a) Í fyrsta lagi var rætt um  
aðferð og tilhögun á slembivali, b) í öðru lagi um nánari, sérsniðnar leiðbeiningar til hvers málef-  
naþóps og c) í þriðja lagi um aðkomu sérfræðinga að málefnaþóparfinu.

A)

Gunnar Smári gerði grein fyrir þeirri vinnu sem farið hefur fram síðan á liðinni viku við að gera  
kleift að senda út boð til félagsmanna um að skrá sig í slembiúrtak vegna málefnaþópa (sjá umræður

og samþykktir síðasta fundar). Samþykkt var að slíkt boð yrði á íslensku en yrði einnig þýtt á ensku og gert aðgengilegt á heimasíðu.

Samþykkt var að skráning allra félagsmanna í slembiúrtak verði sjálfgefinn kostur og að félagsmenn þurfi sérstaklega að haka við ‘vil ekki taka þátt’ hnapp eða álíka til að segja sig frá þátttöku í slembivalsúrtaki. Sátt var um að þetta væri bæði líklegt til að stækka úrtakið og sendi góð skilaboð til félagsmanna, nefnilega þau að búist sé við þátttöku þeirra í starfi flokksins.

Rætt var um hvernig haga skyldi tilkynningu um skráningu í slembiúrtakið. Samþykkt var að fela Benjamín, Gunnari Smára og Viðari að semja uppkast að slíku bréfi og bera það undir stjórn til samþykkis áður en það yrði sent út, helst um miðja viku, í gegnum Facebook vinnuhóp.

Gunnar Smári bar fram tillögu um veigamikla breytingu á tilhögun málefnavinnu, er varðar fjölda í hverjum málefnavinnuhópi. Sérfróðir einstaklingar hafa ráðlagt Gunnari Smára að hafa talsvert stærri hópa en rætt var um á síðasta fundi og í drögum að erindisbréfi, eða allt að 25-30 manns og aldrei færri en 15. Þetta væri nauðsynlegt til að hóparnir gætu verið sannverðug endurspeglun á viðhorfum og samsetningu flokksins. Tekið var undir þetta sjónarmið, en á sama tíma var rætt um hvernig haga megi fundum á árangursríkan hátt og án þess að þeir verði of tímafrekir með svo miklum fjölda. Nokkrar umræður spunnust um þetta, en var á endanum samþykkt að Gunnar Smári, Viðar og Benjamín Julian skyldu leggja fram útfærða tillögu um breytingar á erindisbréfi m.t.t. aukins fjöldi í hverjum málefnavinnuhópi. Jafnframt var þeim falið að leita álits hjá hæfum aðilum um góða útfærslu. Skyldu skriflega tillögur lagðar fram eigi síðar en á miðvikudag og bornar undir bráðabirðastjórn til samþykkis í gegnum Facebook vinnuhóp.

Lagðar voru fram nokkrar tillögur að mögulegum góðum fundarstjórum. Fundurinn var sammála um að aukinn fjöldi hópmeðlima myndi gera ríkari kröfur til fundarstjóra.

B) Þá var rætt um hvort nauðsynlegt væri að smíða sérsniðar leiðbeiningar til hvers málefnavinnuhóps um hvernig nálgast skuli málefnið, þó án þess að hafa óviðeigandi áhrif á inntak málefnavinnunnar. Sátt var um að einhverra leiðbeininga yrði þörf, t.a.m. hvað varðar afmörkun málaflokksins. Rætt var um hvort stjórn gæti sett fram tilteknar og ítarlegar spurningar fyrir málefnavópum að vinna út frá, en einnig kom fram það sjónarmið að slíkt gæti verið óþarft og hamlað frjálsri framvindu málefnavinnu. Engin endanleg ákvörðun var tekin um þetta.

C) Rætt var um aðkomu og val á sérfræðingum fyrir málefnaþópana. Bráðabirgðastjórn mun ræða við valinn hóp sérfræðinga og biðja þá að vera málefnaþópum til halds og trausts. Ítrekað var að sérfræðingar skulu vera bæði fólk með sérfræðipækkingu og beina lífaða reynslu af viðkomandi málaflokki og vandamálum í honum.

Rætt var um að sérfræðingar kunni að þurfa vissan undirbúning og tilmæli um til hvers er ætlast af þeim, t.d. að þeir tali ekki of fræðilega. Nöfnum tiltekinna einstaklinga var varpað fram, og sátt var um að leita strax hófanna með að nálgast suma af þessum einstaklingum. Sátt var um að birting á lista sérfræðinga handa hverjum hópi gæti beðið fram í næstu viku eða þangað til eftir að boð í slembiúrtak hefur verið sent út.

## 2 · Miðla- og áróðursmál

Farið var yfir ýmsa ólíka miðla sem flokkurinn hefur yfir að ráða (Facebook umræðuhópur, Facebook síða, heimasíða) og hvernig nýta megji þá sem best. Meðlimir stjórnar hafa nýtt sér þessa miðla á ýmsan hátt, t.d. með því að birta þar eigið efni en einnig með því að hvetja aðra til að láta þar frá sér efni. Engar formlegar ákvarðanir voru teknar en sátt var um að meðlimir stjórnar héldu áfram prufa sig áfram hver á sinn hátt með noktun miðla. Rætt var um hvernig opinber dreifing efnis í nafni Sósíalístaflökksins gæti rímað saman við innra starf í málefnaþópum, jafnvel þótt sú tenging yrði óbein og óformleg.

## 3 · Fundir og samkomur

Minnt var á mikilvægi þess að flokkurinn bjóði til funda og skipuleggi samkomur, bæði opinberar og ætlaðar félagsmönnum eingöngu. Ekki voru teknar ákvarðanir um tiltekin skref að sinni, þar eð áherslan nú hefur verið á að hleypa málefnastarfi af stökkunum. Samþykkt var að Viðar myndi leggja fyrir stjórn að tveimur vikum liðnum (10. júlí) útfærðar tillögur um opna fundaröð um pólitísk málefni.

## 4 · Aðgerðahópar

Rætt var almennt um nokkra óformlega aðgerðahópa sem starfa í tengslum við flokkinn og mögulega stofnun fleiri slíkra hópa. Enga formlegar ákvarðanir voru teknar.

## 5 · Önnur mál

Benjamín Julian var þakkað fyrir að hafa séð um að koma almennri auglýsingu um reglulega fundi stjórnar inn á heimasíðu flokksins sem og fundargerðum.

Fundi var slitið um 21:40

Fundargerð ritaði Viðar Þorsteinsson